

Orkustofnun
Bryndís G. Róbertsdóttir,
land- og jarðfræðingur
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

| |
|-------------------------|
| Umhverfisstofnun |
| Áb. _____ |
| 07. júlí 2014 10.5.1 |
| Tilv. _____ |



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 7. júlí 2014
Tilvísun: UST20140700057/bs

Efnistaka af hafsbotni í Viðfirði - viðbótarmagn. Umsögn

Vísað er til bréfs Orkustofnunar dags. 3. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um leyfi til töku viðbótarmagns af möl og sandi af hafsbotni í Viðfirði við Norðfjarðarflóa. Sótt er um leyfi til að taka 20.000 m³ af sandi og möl til viðbótar við þá 15.000 m³ sem Orkustofnun veitti leyfi til að taka með bréfi dags. 10. febrúar 2014.

Í umsögn Umhverfisstofnunar dags. 5. nóvember 2013 segir m.a.: *Umhverfisstofnun telur æskilegt að framkvæmdaaðili afli upplýsinga um útbreiðslu og magn efnis á fyrirhuguðu efnistökusvæði þannig að unnt verði að meta betur hversu mikið magn sé óhætt að taka í Viðfirði án þess að lífríki skaðist eða hætta verið á landbroti.*

Umhverfisstofnun telur einnig að áður en ráðsit verður í síðari áfanga efnistökkunnar verði sannreynt að umhverfisáhrif hennar hafi óveruleg áhrif á lífríki svæðisins, með sýnatöku og/eða myndatöku af hafsbotninum.

Umhverfisstofnun vill ítreka fyrri umsögn og telur að framkvæmdaaðili ætti í samvinnu við viðkomandi fagstofnanir að afla upplýsinga um áhrif þeirrar efnistöku sem fram hefur farið og og eins og kostur er að kanna aðstæður á þeim svæðum þar sem sótt er um leyfi til frekari efnistöku. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umsókn um leyfi til að taka 20.000 m³ til viðbótar við þá 15.000 m³ af sandi og möl sem þegar hafa verið teknir af hafsbotni í Viðfirði. Stofnunin telur hins vegar nauðsynlegt aflað verði gagna um lífríki sjávar, botndýralíf á fyrirhuguðum efnistökusvæðum og magni lausra jarðefni á fyrirhuguðum efnistökusvæðum áður en ráðist verði í frekari efnistöku í Viðfirði.

Virðingarfyllst
Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
sérfræðingur

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur